



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

MA og MS nám, MAcc,
MBA og PhD

www.vidskipti.hi.is

UNIVERSITATIS ISLANÐIAE





Háskólanám hefur ávallt mikla þýðingu fyrir hvern þann sem ákveður að hefja nám eða halda áfram í námi. Með náminu er einstaklingurinn að öðlast tækifæri til að tileinka sér nýja þekkingu og þjálfu sig í vinnubrögðum sem nýtast munu viðkomandi um ókomin ár. Í Háskóla Íslands hefur nemandi í meistaranámi á sviði viðskiptafræði um fjölmarga kosti að velja og hann hefur einstakt tækifæri til að læra og eflast í virku samstarfi við góða kennara og frábæra samnemendur við bestu aðstæður.

Háskólanám í viðskiptafræði og sérsviðum viðskiptafræði gefur nemendum möguleika á afar fjölbreyttum störfum, bæði sérfræðistörfum og stjórnunarstörfum. Útskrifaðir meistarar eru vel undirbúnir til þátttöku í athafna- og viðskiptalífi bæði á vettvangi fyrirtækja og í störfum hjá hinu opinbera.

Í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands verða um 1400 nemendur næsta haust. Deildin byggir á því trausta orðspori og þeim gæðum sem hafa einkennt viðskiptafræðinámið í Háskóla Íslands frá upphafi. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands mun með kraftmiklum hætti efla og treysta forystuhlutverk sitt í viðskiptafræðinámi hérlandis í miklu samstarfi við atvinnulíf og stjórnvöld. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands mun setja í forgang að nemendur deildarinnar fái sem mestan ávinning af náminu og aukna vísýni gegnum hið umfangsmikla samstarf sem deildin á við marga af virtustu háskólum heims.

Ágæti lesandi. Ef þú ert að íhuga að fara í meistaranám, MBA nám eða doktorsnám á sviði viðskiptafræði er Háskóla Íslands góður kostur. Í Háskóla Íslands er frábær aðstaða til náms á nýju Háskólatorgi, Tröð, Gimli og Odda. Ég hvet þig til að skoða vandlega alla þá kosti sem standa til boða í framhaldsnámi í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og ég er þess fullviss að ákvörðun um að setjast á skólabeck í Háskóla Íslands muni skila sér margfalt til baka.

Með kærri kveðju,
Dr. Ingjaldur Hannibalsson prófessor, forseti Viðskiptafræðideildar

> Viðurkennd þekking

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands (University of Iceland School of Business) er stærsta og öflugasta háskólastofnunin á sínu sviði á Íslandi. Viðskiptafræðideildin hefur gegnt forystuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði í rúmlega 70 ár eða allt frá árinu 1938 er forveri hennar, Viðskiptaháskóli Íslands, tók til starfa. Hlutverk deildarinnar er að auka og miðla alþjóðlegri viðurkenndri þekkingu á sviði viðskiptafræði með vísindalegum rannsóknum, kennslu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt og krefjandi meistaranám sem er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu, skapandi hugmyndir, öguð vinnubrögð og góðan skilning á þeim verkefnum og áskorunum sem tekist er á við í viðskiptalífinu. Nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands hefur ávallt þróast og tekið nauðsynlegum breytingum. Fyrstu áratuginna bauð deildin eingöngu upp á fjögurra ára cand. oecon nám í viðskiptafræði, en á síðustu 15 árum hafa orðið mjög órar breytingar í starfi deildarinnar.

> Metnaðarfullt meistaranám

Meistaranámið hefur verið helsti vaxtarbroddurinn í námi í viðskiptafræði undanfarin ár. Sérsviðum í MS námi hefur verið fjölgað og árið 2000 tók Háskóli Íslands enn á ný frumkvæðið í viðskiptafræðinámi hérlandis með MBA náminu. Sama ár var ákveðið að bjóða upp á doktorsnám til Ph.D. gráðu við deildina og á síðustu árum hefur M.Acc.-nám í reikningshaldi og endurskoðun verið í þróun við deildina sem og MA nám í skattarétti og reikningskilum.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands kappkostar að framhaldsnám við deildina standist alþjóðleg viðmið um leið og tekið er mið af þörfum íslensks atvinnulífs. Samspilið við íslenskt atvinnulíf hefur skilað sér í framúrskarandi verkefnum sem nemendur vinna bæði í tengslum við einstök námskeið og sem stærri rannsóknir.

> Sérfræðingar á öllum sviðum

Við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands starfa sérfræðingar á öllum sviðum viðskiptafræði. Að auki kemur hópur erlendra háskólakennara og fjöldi stundakennara að kennslu á ári hverju, fólk með framhaldsmenntun í viðskiptafræði eða hagfræði sem er við störf í atvinnulífinu. Sú þekking á íslensku efnahags- og atvinnulífi og á fræðasviði sínu sem kennarar okkar búa yfir er einstök og kennarar leggja metnað sinn í að koma henni vel til skila til nemenda.

> Umsóknir

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl. Hægt er að sækja um skólavist rafrænt á www.vidskipti.hi.is.

> Aðstaða fyrir nemendur

Háskólatorg og Gimli hafa gerbreytt starfsaðstöðu Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og aðbúnaði nemenda deildarinnar. Á Háskólatorginu er frábær vinnuaðstaða fyrir nemendur í nánu samneyti við kennara. Í byggingunni eru m.a. fyrirlestrasalir, kennslustofur, tölvuver með yfir 70 tölvur og lesrymi er fyrir meistaranema. Á Háskólatorgi er einnig þjónusta við nemendur svo sem Bóksala stúdenta, Námsráðgjöf, Nemendaskrá og Alþjóðaskrifstofa. Á Háskólatorgi er einnig Háma, ný stórglæsileg veitingasala og kaffibar til afnota fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk Háskóla Íslands.

> Einingakerfi

Allt nám við Viðskiptafræðideild er metið í einingum. Nemendur í fullu námi ljúka 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði. Nemendur í fullu námi geta lokið meistaranámi við deildina á þremur misserum.

Fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt nám



Fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt nám

Námsleiðir í framhaldsnámi

- MS í fjármálum fyrirtækja
- MS í mannauðsstjórnun
- MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun og stefnumótun
- MS í viðskiptafræði
- MA í skattarétti og reikningskilum
- MAcc í reikningskilum og endurskoðun
- MBA í viðskiptafræði
- PhD í viðskiptafræði

Gæði og árangur í kennslu

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands leggur mikla áherslu á gæði og árangur í kennslu. Í meistaranáminu er skipulagt ferli sem á að tryggja að þau vandamál sem upp kunna að koma uppgötvist snemma og fái farsæla lausn. Nemendur á hverri námsbraut velja sér tvo fulltrúa í upphafi haustmíssis sem fylgjast með gangi mála í hinum ýmsu námskeiðum og hlusta á það sem aðrir nemendur hafa að segja um reynslu sína. Nemendur eiga að snúa sér til þessara fulltrúa ef þeir hafa umkvörtunarefni sem eru almenns eðlis. Fulltrúarnir leita síðan lausnar í samráði við viðkomandi kennara og umsjónarmann námslínunnar

Á fyrri hluta míssis er haldinn formlegur fundur með fulltrúunum þar sem farið er yfir gang mála í hinum ýmsu námskeiðum. Umsjónarmaður námsbrautarinnar boðar fulltrúana og kennara á fundinn og gerir fundargerð. Hann sér um að í kjölfar fundarins fái nemendur upplýsingar um hvernig var tekið á hinum ýmsu vandamálum. Mikilvægt er að sérhver nemandi láti í ljós skoðanir sínar og leiti aðstoðar ef vandamál koma upp.

Doktorsnám – Ph.D.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á doktorsnám í viðskiptafræði. Um er að ræða að minnsta kosti 180 eininga nám sem lýkur með Ph.D. gráðu.

Doktorsnám við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands byggist að mestu á sjálfstæðum rannsóknum nemenda undir handleiðslu kennara. Ekki er boðið upp á sérstök námskeið fyrir doktorsnemendur en gert er ráð fyrir að þeir sækji þau eftir þörfum við erlenda háskóla sem deildin er í samstarfi við.

Nemendur þurfa að hafa lokið meistaraþrófi í viðskiptafræði eða hagfræði til að fá inngöngu og þurfa þeir að hafa sýnt afburða námsárangur. Jafnframt er mikilvægt að fyrirhugaðar rannsóknir þeirra falli vel að áhugasviði og þekkingu kennara við deildina. Samþykki leiðbeinanda er forsenda inngöngu í doktorsnám.

MBA nám

MBA nám við Háskóla Íslands er hagnýtt og vandað stjórnunar- og viðskiptafræðinám á meistarastigi. Náminu er ætlað að auka verulega frumkvæði, færni og getu þátttakenda til að vera í forystu í rekstri fyrirtækja og stofnana.

MBA námið er þróað með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum um MBA nám. Til viðbótar við alþjóðlegan blæ hefur námið mikla sérstöðu sem er fólgin í aðlögun þess og tengingu við atvinnulíf, t.d. við nálgun viðfangsefna, umræðu í tímum, verkefnavinnu og með fyrirtækjaheimsóknum. Sérstök áhersla er lögð á raundæmi í verkefnavinnu og að flétta saman nám og vinnu hjá þátttakendum.

Lögð er áhersla á að fá hæfa einstaklinga, bæði fræðimenn og stjórnendur, til að kenna námskeiðin. Umsjón og kennsla er í höndum fastráðinna kennara í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Auk þeirra koma að MBA náminu færir einstaklingar úr öðrum deildum Háskóla Íslands og þrautreyndir fyrirlesarar frá virtum erlendum viðskiptaháskólum. Sjá nánar á www.mba.is



MS í fjármálum fyrirtækja

Umsjón: Gylfi Magnússon, lektor
gylfimag@hi.is sími 525 4572

Markmiðið með náminu er m.a. að undirbúa nemendur vel undir rannsóknir og störf á sviði fjármálastjórnunar, markaðsviðskipta, fjármálaráðgjafar og ýmissar sérfræðivinnu á sviði fjármála.

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér þekkingu á því sem máli skiptir við fjármál fyrirtækja og stofnana. Nemendur öðlast góðan skilning á undirstöðum fjármála og fá eftirsóknarverða færni við rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi góða undirstöðu í fjármálum og geti að námi loknu fengist við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Námið nýtist því víða í atvinnulífinu en býr nemendur sérstaklega undir störf sem lúta að fjármálastjórn og sérfræðivinnu á fjármálasviðum fyrirtækja og stofnana eða til ýmissa starfa í fjármálafyrirtækjum eins og bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum, tryggingafélögum og lífeyrissjóðum.

Forkröfur eru BA eða BS próf í viðskiptafræði eða annað sambærilegt háskólapróf, svo sem próf í hagfræði er skilyrði fyrir því að komast í MS í fjármálum fyrirtækja. Nemendur með BA eða BS próf í öðrum greinum eða sambærilegt próf geta sótt um ákveðið undirbúningsnám og fengið inngöngu í MS námið að því loknu. Miðað er við að nemendur hafi hlotið 1. einkunn (7,25), þegar þeir sækja um meistaránám.

MS í mannauðs- stjórnun

Umsjón: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson,
dósent
gylfidal@hi.is sími 525 4554

MS nám í mannauðsstjórnun er þverfaglegt nám fyrir þá sem vilja öðlast þekkingu og skilning á stjórnun mannauðs innan fyrirtækja og stofnana. Námið snertir alla helstu grundvallarþætti í rekstri stofnana og fyrirtækja. Áhersla er lögð á að sameina hagnýtar og fræðilegar áherslur og dýpka þannig skilning nemenda á stjórnun mannauðs. Uppbygging námsins miðar að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum á sviði starfsmannamála hvort sem er í fyrirtækjum og stofnunum eða hjá hagsmunasamtökum.

Forkröfur vegna MS náms í mannauðsstjórnun eru fyrsta háskólapróf þ.e. BS eða BA gráða. Almennt er krafist fyrstu einkunnar (7,25). Enn fremur eru nemendur valdir inn í MS námið með hliðsjón af fyrra námi og starfsreynslu. Ekki er gerð krafa um fyrra nám í viðskiptafræði. Nemendahópurinn hefur því mjög mismunandi bakgrunn og má þar m.a. nefna: BA í mannfræði, sálfræði, stjórn málafræði og félagsfræði, BS í hjúkrunarfræði, BA í lögfræði, B.ed. í kennslufræðum og BS í viðskiptafræði.

Nemendur með MS próf í mannauðsstjórnun vinna hin fjölbreyttustu störf meðal annars sem starfsmannastjórar, fræðslustjórar, kennarar, sjálfstætt starfandi ráðgjafar, ráðningarstjórar ásamt hinum ýmsu stjórnunarstörfum bæði hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera.

MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

Umsjón: Ingjaldur Hannibalsson,
prófessor
ingjald@hi.is sími 525 4538

Viðskiptafræðideild býður upp á MS nám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum fyrir þá sem lokið hafa fyrsta háskólaprófi, þ.e. BS eða BA gráðu. Öllum sem hafa slíkt próf er heimilt að sækja um og almenna reglan er að umsækjendur hafi fyrstu einkunn (7,25).

Í náminu er lögð áhersla á að dýpka fræðilega þekkingu á sviði markaðsfræði og alþjóðaviðskipta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi góða undirstöðu í markaðsfræði og geti að námi loknu tekist á við flókin stjórnunar- og sérfræðistörf á sviði markaðsfræði og/eða alþjóðaviðskipta.

Við val á umsækjendum verða þeir sem hafa háskólapróf í félagsvísindum í forgangi. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámskeiðum í vísindalegum vinnubrögðum, s.s. aðferðafræði og tölfræði.

MS nám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum nýtist á margvíslegan hátt. Nemendur vinna við fjölbreyttustu störf bæði á Íslandi og erlendis, sem dæmi má nefna við stjórnun markaðsmála, kynningarmála, almannatengsla, markaðsrannsóknna, upplýsingamiðlunar og auglýsingastörf.

MS í stjórnun og stefnumótun

Umsjón: Margrét Sigrún Sigurðardóttir,
lektor
mss@hi.is sími 525 4445

Viðskiptafræðideild býður upp á MS nám í stjórnun og stefnumótun fyrir þá sem lokið hafa fyrsta háskólaprófi, þ.e. BS eða BA gráðu. Öllum sem hafa slíkt próf er heimilt að sækja um og almenna reglan er að umsækjendur hafi fyrstu einkunn (7,25).

MS nám í stjórnun og stefnumótun er í senn bæði fræðilegt og hagnýtt. Áhersla er lögð á að tengja saman þau stjórnunarfræði sem hafa staðist tímans tönn og nýjustu þekkingu á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar. Kennslan miðar að því að nemandinn öðlist góðan skilning og tileinki sér eftirsóknarverða færni bæði við rannsóknir og hagnýtingu á fræðunum, t.d. á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar, skipulags fyrirtækja, nýsköpunar, þekkingarstjórnunar, verkefnastjórnunar og árangursstjórnunar. Lagt er kapp á að námið verði ávallt góður undirbúningur fyrir mikilvæg stjórnunarstörf hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum.

Við val á umsækjendum verða þeir sem hafa háskólapróf í félagsvísindum í forgangi. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið grunnnámskeiðum í vísindalegum vinnubrögðum, s.s. aðferðafræði og tölfræði.

MS í viðskiptafræði

Umsjón: Ársæll Valfells, lektor
av@hi.is sími 525 5259

Viðskiptafræðideild býður upp á MS nám í viðskiptafræði fyrir einstaklinga sem lokið hafa BS-prófi í viðskiptafræði eða hagfræði.

MS námið í viðskiptafræði er ætlað fyrir nemendur sem vilja styrkja sig á breiðum grundvelli í viðskiptafræði, t.d. með því að ná betri tökum á fjármálum, markaðsfræði, reikningshaldi og stjórnun. Kjarnanámskeiðin endurspeglar þessa breidd og nemendum er gefinn kostur á því að velja sér þrjú námskeið úr þeim mikla fjölda námskeiða sem eru í boði á hinum ýmsu sérsviðum innan deildarinnar. Námslínan byggir þannig á þverskurði af viðskiptafræðunum og markmiðið er að gefa nemendum heildstæða þekkingu sem mun nýtast vel í atvinnulífinu sem og við rannsóknir á starfsemi fyrirtækja í heild sinni. Þeir sem ljúka MS prófi í viðskiptafræði eru með góðan grunn fyrir störf sem viðskiptafræðingar.

Almenna reglan er að umsækjendur hafi fyrstu einkunn til að fá inngöngu í námið (7,25). Nemendur með háskólapróf úr öðrum greinum geta hafið nám í MS í viðskiptafræði ef þeir hafa lokið viðskiptafræði eða hagfræði sem aukagrein til 60 eininga. Einnig eiga einstaklingar kost á að fara í 60 eininga undirbúningsnám. Sækja þarf um undirbúningsnámið.

MA í skattarétti og reikningsskilum

Umsjón: Einar Guðbjartsson, dósent
eg@hi.is sími 525 4326

Námið er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af Viðskiptafræðideild annars vegar og Lagadeild hins vegar. Markmiðið með meistaránámi í skattarétti og reikningsskilum er að veita fræðilega sérmenntun á sviðum er snerta skattamál og reikningsskil. Með náminu er komið til móts við þarfir samfélagsins fyrir rannsóknir, þjónustu og stefnumótun á þessum sviðum.

Í skattarétti er m.a. fjallað um fræðigreininna skattarétt, skatthugtakið, skattheimildir, lögmatísreglu og skýringu skattalaga. Einnig verður fjallað um stjórnsýslu og réttarfarir í skattamálum. Jafnframt eru reifuð helstu ákvæði um skattayfirvöld, framtöl, framtalsskyldu, upplýsingaskyldu, álagningu og endurákvæðanir. Í hlutanum um alþjóðaskattarétt er fjallað um hugtakið alþjóðlegur skattaréttur, reglur þjóðarréttar um skattlagningarétt. Einnig er fjallað um tvísköttunarsamninga og samningsfyrirmyndir OECD og aðra samninga sem varða alþjóðlegar skattareglur svo sem Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum og samninga um upplýsingaskipti o.fl.

Í reikningsskilum er m.a. fjallað um helstu reglur og hugtök í reikningsskilum sem gilda samkvæmt IFRS (Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar) og ákvæðum íslenskra laga. Farið verður yfir formkröfur reikningsskila, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymi. Einnig verður farið í gerð samstæðureikningsskila og í hverju þau eru frábrugðin hefðbundnum ársreikningum. Í náminu verður einnig farið í grundvallarhugtök í fjárfestingu og virðisgreiningu þar sem virðismatsaðferðir eru kynntar t.d. við mat á rekstri, hlutabréfum eða sjóðsflæði. Í náminu verður einnig farið yfir grundvallarþætti endurskoðunar. Fjallað verður um lagalegt umhverfi og ábyrgð endurskoðenda, skipulagningu endurskoðunar, mikilvægi og áhættu við endurskoðun, meginþætti innra eftirlits og annað skylt efni.

Hægt er að velja um að taka meistaránám í skattarétti og reikningsskilum sem 90 eininga nám eða 120 eininga nám.

Náminu lýkur með MA gráðu í skattarétti og reikningsskilum (Master of tax and accounting).

MAcc í reikningsskilum og endurskoðun

Umsjón: Einar Guðbjartsson, dósent
eg@hi.is sími 525 4326

Meistaránám í reikningsskilum og endurskoðun er bæði sérhæft og hagnýtt nám er lýkur með prófgráðunni Master of Accounting and Auditing (M.Acc-gráða). Meistaránámið mætir mikilli þörf á sérfræðingum á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) sem innleiddir hafa verið á öllu Evrópska efnahagssvæðinu gerir það meðal annars að verkum að sérhæfing og sérþekking er nauðsynleg hverju meðalstóru fyrirtæki og/eða stofnun. Lögjörfin gerir í dag mun ríkari kröfur til atvinnumarkaðarins gagnvart þeim er vinna á sviði reikningsskila og endurskoðunar, í fyrirtækjum og/eða stofnunum, um að ákveðin sérþekking, hæfi og hæfni, sé til staðar. Ytri endurskoðun fylgir alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum (ISA) og er sérhæfing þar mjög mikilvæg, sérstaklega hjá þeim er stefna að löggildingu í endurskoðun. Einnig hafa starfshættir og reglugerðir fjármála- og hlutabréfamarkaða breyst mikið síðustu ár sem hefur kallað eftir sérhæfðari menntun á þessu sviði og ákveðnar stöður innan fyrirtækja og/eða stofnana krefjast þessara sérhæfingar í menntun. Námið fellur því mjög vel að þeim einstaklingum sem hafa hug á að starfa sem stjórnendur, t.d. við fjármál, reikningshald, reikningsskil, innra eftirlit og innri og ytri endurskoðun.

Miklar breytingar eru í vændum á sviði reikningsskila og endurskoðunar, bæði hjá Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum, þar sem IFRS og FASB verða sameinaðir í einn alþjóðlegan reikningsskilastaðal eftir nokkur ár.

Meistaránámið er fjögurra missera nám og hægt er að velja á milli tveggja brauta, þ.e. 90 eininga og 120 eininga. 15 skyldunámskeið eru á báðum brautum en 30 eininga meistararitgerð er á 120 eininga brautinni.

Forkröfur í námið eru BS próf í viðskiptafræði, með áherslu á reikningshald/reikningsskil, skattskil, lögfræði og fjármál. Þeir sem hafa BS próf í viðskiptafræði án slíkrar sérhæfingar eða annað sambærilegt háskólapróf verða að sækja undirbúningsnámskeið á BS stigi til að uppfylla þessar forkröfur. Almenn er krafist fyrstu einkunnar (7.25) í fyrstu háskólagráðu. Nemendur þurfa að ljúka grunnnámi eigi síðar en í júní til þess að eiga rétt á að hefja meistaránám að hausti.

Meistaránámið í reikningsskilum og endurskoðun ásamt tilskilinni starfsreynslu, veitir rétt til þess að þreyta próf til löggildingar í endurskoðun, en það próf er í umsýslu Félags löggiltra endurskoðenda.

Kennslufyrirkomulag er þannig að kennt er tvo daga í viku kl. 16:00 til 20:00. Einungis eru kennd tvö námskeið samhliða, hverju sinni. Námið tekur tvö ár, miðað við eðlilega námsframvindu.

Skipulag MS námsins

Náminu lýkur með rannsóknaritgerð sem skal vera 30 eða 60 einingar.

	Haustmisseri	Vormisseri
Fjármál fyrirtækja	<ul style="list-style-type: none"> Fjármögnun fyrirtækja Þættir í tölfraði Greining ársreikninga 2 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Fjárfestingar fyrirtækja 4 valgreinar
Mannauðs-stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> Mannauðsstjórnun Samskipti á vinnumarkaði Stjórnun og forysta Þættir í aðferðafræði Inngangur að rekstri 	<ul style="list-style-type: none"> Mat á árangri og framkvæmd stefnu Stjórnun starfspróunar Vinnuréttur Vinnusálfræði Valgrein
Markaðsfræði og alþjóða-viðskipti	<ul style="list-style-type: none"> Alþjóðamarkaðssetning Markaðsáherslur og markaðshneigð Vörumerkjastjórnun 2 valgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Alþjóðaviðskipti Rannsóknir í markaðsfræði Stefnumiðuð markaðsfærsla 2 valgreinar
Stjórnun og stefnumótun	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag og atferli Þættir í aðferðafræði Forysta og leiðtoginn Samkeppnishæfni Valgrein eða inngangur að rekstri 	<ul style="list-style-type: none"> Stefnumiðuð stjórnun Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun Verkefnastjórnun, Breytingastjórnun eða þekkingarstjórnun Valgrein Valgrein
Viðskipta-fræði	<ul style="list-style-type: none"> Markaðsáherslur og markaðshneigð Samkeppnishæfni 2 valgreinar – bundið val Valgrein 	<ul style="list-style-type: none"> Stefnumiðuð stjórnun Fjárfestingar fyrirtækja Alþjóðaviðskipti 2 valgreinar

Skipulag MBA námsins

	Fyrsta misseri	Annað misseri
MBA	<ul style="list-style-type: none"> Rekstrarhagfræði og starfsumhverfi Skipulagsheildir og stjórnun Greining viðfangsefna og ákvarðanir Markaðsfræði 	<ul style="list-style-type: none"> Mannauðsstjórnun Rekstrarstjórnun Fjármál Reikningsskil
	<ul style="list-style-type: none"> Stefnumiðuð stjórnun Frumkvöðlar og nýsköpun Alþjóðaviðskipti 	<ul style="list-style-type: none"> 3 valgreinar Lokaverkefni eða valgrein

Skipulag MA náms

MA í skattarétti og reiknings- skilum	Fyrsta misseri	Annað misseri
	<ul style="list-style-type: none"> Íslenskur skattaréttur - almennur hluti Íslenskur skattaréttur - sérstakur hluti Ársreikningagerð A Endurskoðun - I hluti 	<ul style="list-style-type: none"> Alþjóðlegur skattaréttur - almennur hluti Alþjóðlegur skattaréttur - sérstakur hluti Ársreikningagerð B
	Þriðja misseri	Fjórða misseri
	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnsluendurskoðun Félagaréttur I Ritgerð 	<ul style="list-style-type: none"> Samstæðureikningsskil Félagaréttur II Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa Ritgerð

Skipulag MAcc náms

MAcc í reiknings- skilum og endurskoðun	Fyrsta misseri	Annað misseri
	<ul style="list-style-type: none"> Afleiður og áhættustýring Endurskoðun - I hluti Próf Fjármuna- og félagaréttur Stjórnunar- og eftirlitskerfi Próf 	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirtækjaskattaréttur Endurskoðun - II hluti Próf Samstæðureikningsskil Reikningsskilakennningar Próf
	Þriðja misseri	Fjórða misseri
	<ul style="list-style-type: none"> Fjárhagsupplýsingakerfi Endurskoðun - III hluti Próf Stjórnsluendurskoðun Alþjóða skattaréttur Próf 	<ul style="list-style-type: none"> Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa Endurskoðun - IV hluti Próf Fjármála- og eiginfjárgerningar Próf

Maestro, félag meistaránema

Maestro er nemendafélag meistaránema í viðskiptafræði og hagfræði. Hlutverk félagsins er að standa vörð um hagsmuni nemenda og hafa umsjón með fjölbreyttu félagsstarfi. Á vegum félagsins eru haldnir margvíslegir viðburðir og má þar nefna próflokahóf og heimsóknir í ýmis áhugaverð fyrirtæki þar sem nemendum gefst kostur á að kynna íslensku atvinnulífi og efla tengslin. MAESTRO heldur úti heimasíðu, <http://maestro.hi.is>, þar sem má nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar sem snúa að námi og félagslífi nemenda.



Sigríður Harðardóttir, MA í mannauðsstjórnun, sérfræðingur á mannauðssviði N1

Viðskiptafræðideild HÍ hefur gegnt lykilhutverki í að efla íslenskt atvinnulíf í gegnum tíðina. Þar má finna öflugt og metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að bjóða nemendum upp á fjölbreytt, framsækið og krefjandi nám sem nýtist víðs vegar í atvinnulífinu. Íslensk fyrirtæki hafa notið góðs af þessu metnaðarfulla starfi þar sem fjöldi vel menntaðra einstaklinga hafa komið út á vinnumarkaðinn og unnið að stóru auknum árangri íslenskra fyrirtækja undanfarin ár.

Nám mitt í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild HÍ veitti mér einstakt tækifæri til að efla mig í starfi og auka fræðilega þekkingu mína á því sviði auk þess að gera mig færari í að leggja faglegan metnað í þau verkefni sem takast þarf á við hverju sinni. Námið hefur einnig veitt mér innsýn inn í þau fjölbreyttu störf sem íslensk fyrirtæki sinna í dag.



Hugi Sævarsson, MS í viðskiptafræði, framkvæmdarstjóri Birtingarhússins ehf.

Meistaránámið var mjög góð viðbót ofan á grunnnámið og mína starfsreynslu. Ég mæli með að nemendur taki hluta af náminu við erlenda háskóla, hafi þeir kost á því. Slíkt er líklegt til að færa viðkomandi enn frekari ögrun og virðisauka.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Gimli
v/ Sæmundargötu
101 Reykjavík

Sími 525 4500
Fax 552 6806

gimli@hi.is
www.vidskipti.hi.is

